

Fundarfrásögn

4. janúar 2019

Frásögn af fundi með þátttakendum frá Akureyri

Fundinn sátu: Jóhann Gunnarsson, Karl Frímannsson, Laufey Petrea Magnúsdóttir, Rúnar Sigþórsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Margrét Sigurðardóttir, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, Þóra Rósa Geirsdóttir og Þorlákur Axel Jónsson.

Fundurinn fór fram í Háskólanum á Akureyri kl. 13–15.

Meðal þess sem rætt var um og bent var á:

- Markmið með prófunum þarf að vera skýrt. Greina þarf hvaða upplýsingar þurfa almennt að liggja fyrir og til hvers eigi að nota þær. Til hvers eru samræmd próf og fyrir hverja? Ef prófin eru ekki til að flokka nemendur eða vísa þeim á tiltekna námsbrautir, ef prófin hafa ekki neinar afleiðingar, ef prófin eru ekki til að veita yfirvöldum upplýsingar – til hvers eru þau þá?
- Hvernig metum við skóla? Stjórnvöldum ber skylda til að fylgjast með frammistöðu skóla og þá væntanlega í öllum námsgreinum. Eru samræmd próf heppileg til slíks? Er ekki markvisst ytra mat með greinandi niðurstöðum mun betra tæki til slíks?
- Samræmd prófin geta gefið mikilvægar upplýsingar um skólakerfið, skóla og einstaklinga - markmiðið með því að leggja þau fyrir þarf að vera á hreinu.
- Samræmd próf henta ekki til að afla upplýsinga um skólastarf í umbótaskyni.
- Þörf á öflugum rannsóknarstarfi.
- Í stað þess að leggja fjármuni í samræmd próf, þróun þeirra, fyrirlög og úrvinnslu mætti stofna einhvers konar skólarannsóknadeild. Hlutverk hennar yrði að halda utan um og bjóða t.d. út til háskólanna (rannsóknarhópa háskólakennara) rannsóknir á frammistöðu og árangri á sviði aðalnámskrár grunnskóla, t.d. í einu til þremur greinasviðum árlega. Hver rannsókn þyrfti að vera til þriggja ára og fela í sér rannsóknina sjálfa, skýrslu um niðurstöðurnar og umbótavinnu með kennurum sem hefði starfsþróun og valdeflingu þeirra að leiðarljósi.
- Huga þarf að því hvort samræmd próf falli að hugmyndum um „menntun fyrir alla“.
- Námskráin er hæfnimiðuð og ef samræmd próf eru lögð fyrir þurfa þau að vera hæfnimiðuð. Efasemdir um að samræmd próf uppfylli slíkar væntingar. Mögulega mæla þau afmarkað hæfni en taka ekki til allra þeirra hæfnipátta sem tilgreindir eru í aðalnámskrá. Mögulega mæla þau hæfni sem ekki er tiltekin í aðalnámskrá t.d. fingrasetningu.
- Ef próf eiga að vera samræmd þurfa þá ekki skólanámskrár að vera samræmdar sem og námsefni sem notað er í skólunum?
- Skólanámskrár eiga að taka mið af aðalnámskrá og prófin þurfa að mæla hæfni sem ekki er bundið tilteknu námsefni.
- Lagt til að skoðað verði hvort það nægi að leggja fyrir samræmd próf í einum árgangi grunnskólans, t.d. í 7. bekk. Ef próf er lagt fyrir í lok grunnskólagöngu nýtast niðurstöður þess ekki nemendum eða kennurum til leiðsagnar heldur þjóna f.o.f. sem upplýsingagjöf fyrir yfirvöld.

- Miklar efasemdir um gagnsemi samræmdra prófa í 4. bekk. Ýmsar skimanir eru lagðar fyrir á yngsta stigi og ekki þörf á samræmdum mælingum þar auk þess sem nemendur hafa ekki tileinkað sér þá hæfni sem þarf til að taka rafræn próf, t.d. fingrasetningu. Niðurstöður samræmda prófsins eru ekki marktækar.
- Geta þau mælitæki sem MMS hefur verið að þróa, eins og Lesferil, mögulega verið gagnlegri við stöðumat á hæfni nemenda og haft meira leiðsagnargildi?
- Huga þarf að markvissri nýtingu niðurstaðna, t.d. skoða vel hvaða skólar skara fram úr og hvers vegna. Hagnýtt gildi fyrir skólastarf þarf að vera skýrara og þá ekki síst varðandi þá eftirfylgd/stuðning sem skólum stendur til boða í kjölfar matsins.
- Fyrst og fremst þarf að huga að þörfum nemandans. Hvað gera prófin fyrir hann og hvað gera þau ekki? Rætt var um að ef prófin ættu að hafa leiðsagnargildi fyrir nemandann og þá væri jafnframt mikilvægt að kennarar geti áttað sig á stöðu nemandans út frá prófurlausn hans. Þetta á t.d. við í stærðfræði þar þarf kennari að geta greint hvar í ferlinu/útreikningnum nemandinn gerir villu.
- Námsmati sem fram fer í skólunum er ekki gert nægilega hátt undir höfði.
- Mikilvægt að nemendur fái að nota hjálpartæki í prófum, t.d. leiðréttingarforrit. Þetta á ekki að vera vandamál þegar prófhaldið er rafrænt, börn sem hafa fengið greiningar á tiltekinni fötlun/hömlun s.s. dyslexiu eiga ekki að þurfa að lúta þeirri niðurlægingu sem fylgir því að standa berskjölduð frammi fyrir veikleikum sínum – að taka sjálfsgöð hjálpartæki af þeim jafngildir því að taka gleraugu af börnum sem hafa ekki fulla sjón.
- Allir nemendur ættu að eiga þess kost á hlusta á texta í prófum lesinn, ekki aðeins sumir.
- Ekki ástæða til að leggja próf fyrir heilu árgangana til að meta skólastarf á Íslandi. Nægir að leggja fyrir úrtak nemenda, t.d. 400 nemenda hóp. T.d. mætti draga út skóla.